



Akureyrar
kademían

Starfsáætlun 2021

Janúar 2021
AkureyrarAkademían
450914-1500

Inngangur

AkureyrarAkademían (AkAk) er norðlenskt rannsókn- og fræðasetur, einkum á sviði hug- og félagsvísinda, og vettvangur sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Í húsnæði AkAk gefst fræðimönnum kostur á að leigja vinnuaðstöðu til lengri eða skemmri tíma og vera hluti af þverfaglegu og lifandi fræðasamfélagi.

AkAk er sjálfseignarstofnun og var stofnuð þann 19. júní 2014 í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Samhliða tók AkAk við rekstri og starfsemi Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi en það var stofnað á Akureyri árið 2006. Núgildandi skipulagsskrá AkAk er nr. 764/20. júlí 2020 og var birt þann 5. ágúst 2020 í B-deild stjórnartíðinda.

Í maí 2015 undirrituðu AkAk og mennta- og menningarmálaráðuneytið samstarfssamning með hliðsjón af skipulagsskrá stofnunarinnar um fjárveitingar til þriggja ára sem lagði grunn að fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar og gerði henni kleift að virkja hugmyndir fræðasamfélagsins á vettvangi AkAk og hrinda þeim í framkvæmd. Gerður var viðauki við samninginn sem framlengdi gildistíma hans fyrir árin 2018-2020 en ráðgert var að nýr samstarfssamningur til næstu þriggja ára myndi leysa þann eldri af hólmi í lok ársins 2020. Nýlega var gengið frá viðauka um framlengingu á eldri samningi fyrir árið 2021. Stjórn AkAk vonar að hægt verði að ganga fljótlega frá nýjum samstarfssamningi.

Á starfsárinu 2021 mun AkAk kappkosta að styrkja enn frekar stöðu sína sem rannsókn- og fræðasetur á Norðurlandi eins og undanfarin ár.

Fyrir hönd stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Aðalheiður Steingrímsdóttir framkvæmdastjóri

1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Samkvæmt skipulagsskrá AkureyrarAkademiunnar kýs ársfundur stofnunarinnar sjö manna fulltrúaráð úr röðum skráðra fulltrúa og er stjórn stofnunarinnar skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráðinu. Þeir fulltrúar í fulltrúaráðinu sem ekki skipa stjórn mynda varastjórn stofnunarinnar. Stjórn fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, mótar stefnu og starfstilhögun, vinnur að markmiðum stofnunarinnar og setur henni reglur, og annast fjármál og fjárreiður. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn og sinnir daglegum rekstri, útleigu á vinnuaðstöðu, skipulags- og samstarfsmálum og öðrum verkefnum í samráði við stjórn.

Á ársfundi AkAk 20. maí 2020 var kosið í stjórn og fulltrúaráð. Starfsárið 2020-2021 eru í stjórn:

Steinunn A. Ólafsdóttir, formaður

Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri

Dr. Sigurgeir Guðjónsson, ritari

Í fulltrúaráði eru auk stjórnar:

Dr. Arndís Bergsdóttir

Bergljót Prastardóttir lektor við HA

Dr. Martina Huhtamäki

Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir

Kristín Heba Gísladóttir lét af starfi framkvæmdastjóra AkAk í mars 2020 og þá tók Aðalheiður Steingrímisdóttir við sem framkvæmdastjóri.

Mikil sjálfboðavinna er innt af hendi innan stofnunarinnar, bæði stjórnarfólks og fulltrúa innan AkAk. Gengið er út frá því að þeir sem leigja vinnuaðstöðu í húsnæði AkAk reyni eins og hægt er að leggja sitt af mörkum til starfseminnar, s.s. með því að sitja í stjórn og fulltrúaráði, taka að sér nefndastörf og umsjón með viðburðum/tímabundnum verkefnum og með þátttöku í daglegu starfi í húsnæði AkAk.

2. Fjármál og rekstur

Grunnforsenda starfs AkureyrarAkademíunnar er samstarfssamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tryggir stofnuninni fjármagn og leggur grunn að stöðugleika í rekstri og starfsemi. Samningurinn við ráðuneytið árið 2015 gerði stofnuninni kleift að hafa starfsmann sem heldur utan um fjármál og rekstur, daglega starfsemi og skipulag og samskipti við ýmsa aðila og síðan þá hefur starfsemi AkAk vaxið og dafnað. Til að ráða bót á mikilli óvissu í húsnæðismálum AkAk ákvað stjórn stofnunarinnar í janúar 2020 að festa kaup á skrifstofurými í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12, Akureyri sem er um 180 fm að stærð. Stjórn AkAk telur að húsnæðiskaupin verði ekki baggi á rekstri stofnunarinnar og áfram verður lögð áhersla á ráðdeild og hagkvæmni í rekstri og fjármálum eins og verið hefur frá upphafi. Framkvæmdastjóri AkAk var í 30% starfi frá mars 2020 og stefnir stjórn að því að auka hlutfallið í 50% þegar kemur fram á árið 2021.

Verkefni starfsársins:

- Tryggja stöðugleika í fjármálum með endurnýjun samstarfssamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið til næstu ára.
- Halda árlega samráðsfundi með mennta- og menningarmálaráðuneytinu um fjármál og starfsemi AkAk.
- Uppfylla kröfur mennta- og menningarmálaráðuneytis um skil á gögnum og upplýsingum um fjármál og starfsemi AkAk.
- Áhersla á ráðdeild og jafnvægi í fjármálum og rekstri AkAk.
- Starfshlutfall framkvæmdastjóra hækki úr 30% í 50% þegar kemur fram á árið 2021.

3. Húsnæði, aðstaða, þjónusta og faglegt starf

Frá upphafi hefur AkureyrarAkademían leigt út vinnuáðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og þá sem eru í meistara- og doktorsnámi. Fastur kjarni starfar að vísindum og fræðum í húsnæði AkAk en aðrir staldra styttra við. Fræðimenn njóta þar félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir faglegri aðstoð og ábendingum við störf sín. Það er ómetanlegt öllum sem stunda rannsóknir að geta viðrað hugmyndir sínar og aðferðir við aðra fræðimenn þó að þær séu á ólíkum fagsviðum.

Húsnæði AkAk er 180 fm opið rými sem er stúkað niður í smærri vinnuþláss með skilrúmum og bókahillum. Í húsnæðinu er fundarsalur, eldhús með matar- og kaffiaðstöðu og geymslur. Nú eru 11 vinnuþláss í húsnæði AkAk og eru þau fullnýtt. Þegar húsnæðið var keypt var samið við fyrrverandi eiganda um að hann væri í hluta húsnæðisins með sína starfsemi fram í febrúar 2021. Breytingar hafa orðið á þessum áformum og mun fyrri eigandi verða áfram með sína starfsemi í húsnæði AkAk en í minna rými en áður. AkAk stefnir að því að á næstunni verði vinnurýmum til útleigu fyrir fræðimenn fjölgað úr 11 í 14.

AkAk leggur áherslu á að bjóða fræðimönnum upp á aðgengilega aðstöðu til rannsóknarstarfa, námskeiða og funda og að veita þeim skilvirka þjónustu sem felur í sér ráðgjöf, handleiðslu og upplýsingar um fjármögnunarmöguleika, styrkumsóknir, innlenda sem erlenda samstarfsmöguleika og skyld atriði. AkAk leggur sérstaka áherslu á að efla stuðning við doktorsnema, m.a. með því að bjóða þeim sem undirbúa doktorsvörn að æfa sig innan stofnunarinnar áður en vörn fer fram.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að leita allra leiða til að auka umhverfisvitund meðal innanhúsfólks AkAk og að starfsemi stofnunarinnar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Sorp er flokkað, fylgst er með magni sorps sem frá stofnuninni kemur og lögð er áhersla á að endurvinna eins mikið og kostur er. Lögð hefur verið áhersla á að nota eingöngu umhverfisvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur, auk þess að spara vatn og rafmagn. Stofnunin hefur tekið þátt í lýðheilsuverkefninu „Hjólað í vinnuna“ og með því hvatt til þess að nota heilsusamlegan og umhverfisvænan ferðamáta. Fulltrúar eru hvattir til að koma með tillögur um aukna umhverfisvernd. Innan AkAk starfa margir aðilar um lengri eða skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfisvernd.

Verkefni starfsársins:

- Bjóða fræðimönnum upp á aðgengilega vinnuaðstöðu og skilvirka þjónustu og að efla stuðning við doktorsnema.
- Fjölga vinnurýmum til útleigu fyrir fræðimenn.
- Miðla upplýsingum um styrki til fulltrúa AkAk og veita aðstoð við að sækja um styrki og önnur verkefni.
- Efla samveru og þverfaglegt samstarf fulltrúa AkAk með fundum og öðrum viðburðum.
- Vinna að mótun starfsstefnu AkAk til næstu fjögurra ára samkvæmt skipulagsskrá AkAk með þátttöku fulltrúa og hana leggja fyrir ársfund AkAk í maí 2021, ásamt starfsáætlun, til umræðu og samþykktar.
- Auka umhverfisvitund meðal fulltrúa og leggja áherslu á að starfsemi stofnunarinnar hafi sem minnst áhrif á umhverfið.
- Gæta að jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum í umgengni og samskiptum á vettvangi AkAk.
- Meta árangurinn af starfi AkAk út frá nýtingu húsnæðis, virkni í faglegu starfi og með viðhorfskönnun meðal fulltrúa um aðstöðu og þjónustu AkAk.
- Veita stjórnvöldum ráðgjöf og aðstoð varðandi stefnumótandi atriði á starfssviði AkAk þegar eftir því er leitað, m.a. í þágu vísinda- og tækniráðs.

4. Miðlun upplýsinga um starfsemi AkureyrarAkademíunnar

Stjórn AkAk leggur mikla áherslu á að efla vefmiðla stofnunarinnar, vefsíðu og samfélagsmiðla. Á vefsíðu eru upplýsingar um stofnunina, innanhúsfólk, vinnuaðstöðu, stjórn, fulltrúaráð o.fl. og auk þess er hún og samfélagsmiðlar nýttir til að koma á framfæri þeim viðburðum sem stofnunin stendur fyrir og verkefnum sem unnið er að.

Stjórn AkAk mun leggja sérstaka áherslu á að efla miðlun upplýsinga um rannsóknir, greinar og ritverk á vefsíðu og samfélagsmiðlum sem fulltrúar vinna að á vettvangi AkAk til að halda á lofti því öfluga fræðastarfi sem fer fram innan stofnunarinnar. Einnig verður lögð áhersla á að miðla fyrirlestrum á miðlum AkAk sem fulltrúar eru með á viðburðum sem stofnunin stendur fyrir eða í samstarfi við aðra aðila og að leita nýrra leiða við miðlun. Tilgangur miðlunar er að stuðla að aukinni og almennri samfélagsumræðu á sviði fræða og menningar.

Verkefni starfsársins:

- Taka saman yfirlit yfir rannsóknir, greinar og ritverk fulltrúa sem þeir hafa unnið að á vettvangi AkAk og gera það aðgengilegt á vefsíðu og samfélagsmiðlum AkAk.
- Efla miðlun upplýsinga um starfsemi AkAk, verkefni og viðburði, á vefsíðu og samfélagsmiðlum.
- Leita nýrra leiða við miðlun, m.a. í samstarfi við svæðismiðla á Akureyri.
- Gefa út fréttabréf fyrir fulltrúa og samstarfsaðila stofnunarinnar um starf á vettvangi AkAk.
- Efla kynningar á starfsemi AkAk m.a. með opnu húsi og öðrum viðburðum til að styrkja tengslanet stofnunarinnar í nærsamfélaginu.

5. Fjölfaglegt samstarf

Stjórn AkureyrarAkademíunnar leggur mikla áherslu á að virkja og tengja saman þá aðila sem stunda sjálfstæðar rannsóknir og hvetja til fjölfaglegs samstarfs milli einstaklinga, samtaka, fyrirtækja og þekkingarstofnana á Akureyri og Norðurlandi með áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun.

AkAk og Háskólinn á Akureyri (HA) hafa í mörg ár haft með sér gott samstarf og var síðasti samstarfssamningur aðila endurnýjaður haustið 2020 til næstu þriggja ára. Þar er gert ráð fyrir að standa fyrir að minnsta kosti einni sameiginlegri ráðstefnu á samningstímanum og að AkAk veiti HA reglulega upplýsingar um þá fræðimenn sem starfa innan AkAk til að auka upplýsingaflæði milli stofnananna svo betur sé hægt að nýta þá sérfræðiþekkingu sem til staðar er á svæðinu.

AkAk og ReykjavíkurAkademían (RA) hafa átt gott samstarf en fyrir þremur árum var í fyrsta skipti gerður formlegur samstarfssamningur milli stofnananna sem þarf að endurnýja á þessu ári. Með samningnum var fest í sessi að þeir sem leigja vinnuáðstöðu í AkAk geti fengið tímabundna aðstöðu í RA sér að kostnaðarlausu og það sama gildir um þá sem starfa í RA. Framkvæmdastjórar AkAk og RA hafa átt í samræðum um leiðir til að dýpka samstarf stofnananna.

Á síðasta ári leitaði stjórn AkAk eftir samræðum við bæjarstjórn Akureyrar um formlegt samstarf aðila sem hefði þann tilgang að skapa brú milli fræða og samfélags og til gagns fyrir íbúana. Í kjölfarið tók Akureyrarstofa af hálfu bæjarins við samræðum við AkAk um fleti á mögulegu samstarfi og hafa þær einkum beinst að því að Akureyrarbær myndi leigja vinnuaðstöðu í húsnæði AkAk fyrir tvo fræðimenn sem stunda rannsóknir á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlafræða.

Á undanförunum árum hefur AkAk boðið upp á opna fyrirlestra um fræðandi og áhugaverð viðfangsefni á öldrunarheimilum Akureyrarbæjar fyrir þá sem þar búa og aðra eldri borgara bæjarins. Í gegnum tíðina hafa eldri borgarar á Akureyri og nágrenni verið áberandi hluti þeirra gesta sem sótt hafa opna fyrirlestra á vegum AkAk en elstu íbúar byggðarlagsins, þeir sem búa á öldrunarheimilum, hafa hins vegar ekki haft tæk á að mæta. Fyrirlestrarnir hafa fengið góðar viðtökur og hefur AkAk hlotið styrki til verkefnisins hjá Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA og samfélagssjóði Norðurorku.

Auk samstarfs við ofangreinda aðila mun stjórn AkAk jafnframt leita leiða til að efla tengsl við vísindastofnanir og atvinnulíf í nærsamfélaginu og önnur þekkingar- og fræðasetur á landsbyggðinni.

Verkefni starfsársins:

- Efla samstarf við Háskólann á Akureyri með því að koma á föstum samstarfsvettvangi og með sameiginlegum fyrirlestrum, málþingum og ráðstefnum.
- Efla samstarf við ReykjavíkurAkademíuna með gagnkvæmum afnotum fræðimanna af vinnuaðstöðu og auknum tengslum stofnananna.
- Áframhaldandi samstarf við öldrunarheimili Akureyrarbæjar um opna fyrirlestra fyrir íbúa heimilanna og aðra eldri borgara í bænum um fræðandi og áhugaverð viðfangsefni.
- Leggja grunn að samstarfi við Akureyrarbæ um nýtingu á vinnuaðstöðu hjá AkAk á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlarannsókna.
- Efla tengsl við vísindastofnanir og atvinnulíf í nærsamfélaginu til að styrkja samtal og samstarf um fræðastarf, rannsóknir og miðlun þeirra og skapa brú milli fræða og samfélags.
- Efla tengsl við önnur þekkingar- og fræðasetur á landsbyggð til að styrkja samtal og samstarf um rannsóknir og þróun, miðlun þekkingar og eflingu nýsköpunar.